

Minnisblað

Viðtakandi: **Viðskiptanefnd**
Sendandi: **Viðskiptaráðuneytinu**
Dagsetning: **27.11.2008**
Málsnúmer: **VRN08110102**
Bréfalykill: **55.014**

Efni: **Breyting á lögum um gjaldeyrismál**

Hugmyndir að breytingum á frumvarpinu:

1. á eftir orðunum „þrátt fyrir ákvæði 2. gr.“ komi: laga þessara og 9. gr. laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri

2. Ný málsgrein komi, sem verði 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða:

Ákvæði 7. gr. gilda um heimildir Seðlabanka Íslands til að veita undanþágur frá reglum settum skv. 1. mgr. Þó skal ekki innheimt leyfisgjald þegar undanþágur eru veittar.

Athugasemdir

1. Í 9. gr. laga nr. 34/1991 um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri er kveðið á um að erlendur aðili, sem fjárfestir í atvinnurekstri hér á landi, skuli eiga rétt á að fá yfirfært í hvern þann erlenda gjaldmiðil, sem Seðlabanka Íslands annast reglubundna skráningu á, mótttekinn arð eða annan hagnaðarhlut og söluandvirði fjárfestingar. Í greinargerð með ákvæðinu kemur fram að það kveði á um rétt aðila til að flytja arð og söluandvirði eða annað endurgreiðsluverð úr landinu að nýju. Því er ljóst að gera þarf undantekningu frá þessu ákvæði til að unnt verði að setja reglur sem kveði á um takmörkun á þessum rétti.

2. Lagt er til að Seðlabanka Íslands verði veitt heimild til að veita undanþágur frá takmörkunum á fjármagnshreyfingum sem settar kunna að verða í reglum á grundvelli 1. mgr. frumvarpsins. Við málsmeðferð slíkra mála gilda ákvæði stjórnsýslulaga. Slíkar ákvarðandi Seðlabanka eru kæránlegar til viðskiptaráðherra, sem fer með framkvæmd laga um gjaldeyrismál. Einnig er lagt til að ekki verði innheimt leyfisgjald ef undanþágur er veittar.